Lög

Nr. 51.
30.
nóvbr.

um breyting á lögum nr. 64 frá 22. nóv. 1913 um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í 2. málsgr. 1. gr. falli burt orðin: »sem sjerþekkingu hafa á siglingamálefnum«.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:
Þóknun meðdómenda greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum, nr. 64, 22. nóv. 1913.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.